



Bráðabirgðaskýrsla um fund í Atlantshafsráði 15., 16., og 18. september 1950.

Bjarni Benediktsson – Stjórnál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Standig Group – NATO –
Atlantshafsbandalagið – Atlanshafsráð – Öryggi – Keflavíkurflugvöllur - 1950

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnálamaðurinn
Askja 2-12, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TRÚNADARMÁL

Db. sr. 8.A.2
28. ágúst, 1950.

Nr. 364
Atlantshafssbandalagið.

Hér með sendist yður, hæstvirtur utanríkisráðherra, afrit af Memorandum, dags. 25. þ.m., frá Standing Group, Military Committee, varðandi öryggisráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að flugvelliðirnir í Keflavík og Reykjavík komist á vald óvinanna áður en liðsafli Atlantshafssbandalagsins kemi til Íslands, ef til styrjaldar skyldi koma.

I þessu Memorandum er bent á hversu varnarlausir flugvelliðirnir eru núna og því næsta ógjörlegt að verja Ísland, nema að einhverjar varnarráðstafanir séu gerðar áður en að styrjöld kann að brjótast út.

I lok Memorandum þessa er beiðst upplýsinga um hvaða ráðstafanir Ísland sjálft geti gert á friðartímum til þess að tryggja örryggi þessara stöðva og hverrar aðstoðar Ísland óski eftir og vilji piggja frá öðrum Bandalagsþjóðum á friðartímum til þess að auka örryggi sitt.

Loks er þess farið á leit, að íslenzka ríkisstjórnin veiti sendiherra sínum í Washington umboð til þess að ráðgast um þetta mál við Standing Group Atlantshafssbandalagsins.

Með sérstakri virðingu,

Hr. utanríkisráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

Original letter and Memorandum sent through State Department.

BRÁDABIRGDASKYRSLA UM FUND I ATLANTSHAFS-
RADI 15, 16, og 18. September, 1950.

A fundinum mættu af Islands hálfu Bjarni Benediktsson, utanríkisráðherra, varamaður hans Gunnlaugur Pétursson, Thor Thors, sendiherra og Hans G. Andersen. A fundinum voru ýmsa mállefni tekin til meðferðar, þar á meðal skýrsla varamanna utanríkisráðherranna, en þeir höfðu aðallega unnið að undirbúningi hergagnaframleiðslu og lausn ýmsra fjárhagsatriða í sambandi við hana. Við skýrslunni var tekið athugasemdalaust og fengu fulltrúarnir hrós fyrir starf sitt. I þeirri skýrslu var ekkert, sem sérstaklega snerti Island.

Pá var einnig nokkuð rætt um sambandið á milli stofnana Norður-Atlantshafsbandalagsins, einkum varamannanna í London og OEEC í Paris. Þeir voru sammála um að samstarf yrði að eiga sér stað, en nokkur ágreiningur var um hvernig því skyldi fyrirkomið. Tillaga var frá Frókkum um aðgerðir vegna hækunar hráefna, og var því málí vísad til frekari athugunar.

Pá var tillaga frá Bandaríkjamönnum um að skora á menn að hraða afgreiðslu "medium term" hernaðaráætlununnar, og því endregið beint til hinna ýmu ríkisstjórna, að þær fullnægdu hið bráðasta því sem af þeim væri ætlast í þeim áætlunum. Mestur fundartíminn fór þó i að ræða tillögu Bandaríkjanna um stofnun sameiginlegs hers fyrir Atlantshafsríkin, og þátttöku þjóðverja í slikeum her. Þær umræður hófust á bann veg, að Stikker, utanríkisráðherra Hollands, deildum mjög fast á þær ráðagerðir, sem uppi hefðu verið um að hafa varnarlinu Vestur-Evrópu við Rín, en það mundi hafa í fólk með sér að flytja yrði heiman frá sér margar milljónir manna. Slikar ráðagerðir væru tóm vitleysa. Þess vegna yrði að hafa varnarlinuna austar, b.e.a.s. svo austarlega í Þýskalandi sem við yrði komið, og hlyti þá

að vakna sú spurning, hvort vörnum þar yrði komið við án
þátttöku Þjóðverja sjálfrar.] Um þetta hófust þegar í stað
kröftugar umræður, og sýndist öllum ekki hið sama um lausn
málsins. [Varð begar ljóst, að Frakkar voru mjög tregir til
að samþykkja nú að vopna Þjóðverja, Jafnvel þótt ~~(6)~~ fmsar
varðarráðstafanir varu gerðar í því sambandi. Bretinn taldi
og að með mikilli varði yrði að fara, þó að hugsanlegt væri
að finna mætti lausn á þessu samkvæmt þeim ráðagerðum, er
Mr. Acheson hefði hreyft á fundi stórveldanna 3. jaðar næstu
~~dag~~
dagum áður.

Er allir höfðu tekið þátt í þessum umræðum nema
Island, en talið var ástæðulaust að láta nokkuð uppi um þetta
mál að svo komnu af þess hálfu, gerði Mr. Acheson ítarlega
grein fyrir ráðagerðum Bandaríkjanna með kröftugri ræðu í
fundarlok hinn 15. Morguninn eftir, hinn 16. september,
svaraði Mr. Schuman honum, og eftir það var ljóst að menn
voru lentir í sjálfheldu um mílið. Æglokum varð ofan á, að
fresta fundinum til mánuðags, 18. september, en varamenn
skyldu nota sunnudaginn til þess að reyna að vinna úr því
um hvat menn voru sammála, og sjá þá til, hvort lausn feng-
ist á þeim atrígum, er mónnum kom ekki að svo stöddu saman
um.

A mánuðag voru svo haldnir fundir á ný, Varð
þá að ráði að fresta fundunum enn í allt að tvar vikur, en
þó helst ráðgert að beir yrðu næstkomandi mánuðag eða þriðju-
dag. Var nú komið upp að nokkur meiri vafi var í hugum
sumra manna, sinkum Norðmanna, Þána og Portágala um sameigin-
legan her, en menn í fyrstu höfðu haldið. Flestir hinna
virtust þó vera þeirri hugmynd eindregið fylgjandi, og stórveldin
studdu hana ákaft. Ekki er þó búist við, að beir
bili voru ekki til voga hunda þó ekum harsveitum, og endilegra

sem athugasemduum hreyfðu, hindri bessa fyrirætlun, heldur töldu þeir sig burfa nánari upplýsinga og bera sig saman við stjórnir sínar. [Eftir því sem fram kom er ætlast til bess að í bessum sameiginlega her verði sérstakar sveitir, sem lytu einni yfirstjórn. ^{en Þórum heildi hver fjórti um um hei.} Hugmyndin er greinilega sú, að bessi her verði einkum í Þýzkalandi, og var sérstaklega tekið fram, þegar um það var spurt, að þó að æskilegt væri auðvitað að öll Evrópulöndin legðu til sveitir í herinn, þá væri enginn skyldugur til að gera það, ef hann ekki vildi, og að bessi her yrði hvergi staðsettur nema þar, sem hlutaðeigandi ríkisstjórnir hefðu samþykkt að hann mætti vera.] Um þessi atriði spurði Portúgalinn, og voru svö^rrin alveg ótvírað. Meging stofninn í bessum her virðist eiga að vera lið frá Bandaríkjum, en svo sem kunnugt er, tilkynnti Truman forseti nýlega, að ætlunin væri að flytja mikið nýtt lið frá Bandaríkjum til Evrópu. Enda talaði Mr. Acheson um það á fundunum, að í bessum efnum hefði átt sér stað bylting á aðgerðum Bandaríkjamenn frá til þessa sér. Bandaríkjamenn ráðgera svo, að ^(þ) betta lið verði teknar býzkum hersveitir, sem séu út af fyrir sig jafn rétt-háar öðrum hersveitum, en þó þannig, að yfirstjórn sé i annarra höndum en Þjóðverja, og útbúnaður allur með þeim hætti, að hreinum býzkum her verði ekki komið á.] Acheson taldi að taka mundi allt að því tvö ár að æfa hinum býzku hersveitir. Adenauer, kanselíor hefði ^{læri} boðið fram þátttöku Þjóðverja til varna landsins, og væri ^{nú} pessvegna rétti tíminn til að taka um betta ákvörðun, enda mætti hún alls ekki dragast.] Mr. Schuman aftur á móti taldi öll tormerkí að bessu, og ekki tíma-bært að taka ákvörðun nú. Atlantshafsríkin sjálf yrðu fyrst að vera orðin sterk áður en Þjóðverjar væru teknir með. I bili væru ekki til vopn handa býzkum hersveitum, og eðlilegra

væri að nota þýzkan mannafla með öðrum hætti í þjónustu varnanna, t.d. með því að láta Þjóðverja gera varnarvirki í Þýzkalandi, þar sem varnarlinan væri fyrirhuguð.

Pessar umræður skulu ekki raktar frekar að sinni, en greinilegt var, að þó t.d. Lange, utanríkisráðherra Norðmanna, og Bech, utanríkisráðherra Luxembourg teldu mikil tormerki á að vopna Þjóðverja, þá ráðgerðu þeir að að því hlyti að koma fyrr eða síðar, þó að þeir réðu frá að flasa nokkuð í þeim efnum. Skal ekki sagt hver verður niðurstafa þessa máls, en greinilegt er að andstaða Frakka er býsna hörð. Hitt leynir sér þá heldur ekki, að mális er sótt af kappi af hinna hálfu, þó að allt fari vitanlega fram í mestu vinsemd og fyllstu kurteisi.

A fundinum, hinn 18. september, var skorat á alla ráðherranna að láta uppi álit sitt um þessi efni. Bjarni Benediktsson gerði það með þeim orðum, sem hér segir:

"Mr. Chairman: In principle I agree to the idea of an intergrated force but as my country has no military forces it is clear that other Governments than mine will decide the question. Just the same I am glad that we get some more days to think about the whole problem as I intend to use the time I am staying in this country to investigate and discuss with the proper instances further security measures in Iceland and it seems to me that this problem may have some effects also in that connection."

I did not want to take part in the general discussion regarding the German question.

The problem is composed of so many considerations with which I am not sufficiently familiar to be able to form a definite opinion. I also think that the countries that

hyggi á því, en ófólklegt veri að segja hvornig komunduðar
are more directly concerned and those who have more power,
and have suffered more from the Germans than my country has,
should decide this question."

Er nauðsynlegt að ríkisstjórnin láti sendinefndina
i New York þegar í stað vita ef hún er ósammála því, sem þar
kemur fram.

Svo sem af þessu stutta yfirliti má sjá, voru mál-
efnir á fundi þessum hin þýðingarmestu. Má að visu segja, að
bæu snertu Ísland lítið beinlinnis. Engu að síður var mjög
mikils vert að fylgjast með því, sem fram fór, enda er það
mála sannast, að þó máliefnir væru þýðingarmikil, var þó enn
markverðara að verða var þess anda og yfirbragðs, sem á fund-
unum ríkti. Leyndi sér ekki að nú var mikil breyting frá
því, d.t. á London fundinum í vor. Þá var að visu unnið merki-
legt starf, en miklu meiri alvara og meðvitund um nauðsyn á
skjótum, raunhæfum ráðstöfunum ríkti á þessum fundi, enda gat
Mr. Acheson þess þegar í inngangsorðum sínum, að árásin á
Koreu hefði haft holl áhrif, þaði í því að sýna sameiginlegan
vilja frjálsu þjóðanna og með því að undirstrika hættana við
það, hversu vörnum Atlantshafsrikjanna væri stórlæga áfátt.
Annars var á fundunum sjálfum mjög lítið talað um hættu.
Allir töldu hana svo auðsæa, að ekki þyrfti um að ræða. Hún
var sú forsenda, sem allir gengu út frá að miða tillögur sínar
og athafnir við. Hinsvegar virtust menn ekki gera ráð fyrir
því, að það sé alveg yfirvofandi ófriður í Evrópu. Mr.
Schuman talaði meira að segja um að brýstingur Rússia í Evrópu
hefði ef til vill heldur minnkað, og vildi telja það koma af
því, að þeir væru í vandræðum vegna óánægju fólksins í lepp-
löndunum. Aðrir hyggja aftur á móti að hættan gati verið
alveg á næstumxí grösun, og ~~þó~~ vakti meðal annara at-

hygili á því, að ómögulegt væri að segja hvernig kommúnistar tekju ósigri á Koreu, sem nú virtist augljóslega bíða þeirra, þn sem sagt hættan er atriði, sem menn fjölyrða ekki svo mjög um, heldur telja að öllum hljóti að vera jafn ljóst. Eina ráðið gegn henni sé að vera nögu sterkur til að árásaröflin bori ekki til við hinn frjálsa heim.

Mr. Acheson gat þess sérstaklega í ræðu sinni að augvitað væri viss áhetta í því fyrir Atlantshafsríkin að efla varnir sínar og verða sterk. Vera kynni að Rússar réðust á þau ágor en þau væru orðin nögu sterk til þess að hindra að þau nægu fullum styrkleika. En þau getu ekki haldið áfram að vera veik af þeim ástæðum. Hann sagði: "We are not going to stay weak because if we get strong enough to resist attack we may bring it on. That is a chance we have to run. We have to run it with our eyes open, and that is one reason why I think speed is so important. Here it seems to me that every element of strength added at the outset reduces our chances of our being attacked before we get enough power to really deter or resist attack."

A svipaðan veg, en í öðru sambandi talaði Mr. ~~Mr.~~ ^B'Brien um það, að þann undirbúning, sem Bretar hefðu gert eftir að ~~WW~~ stríðið hófst, 1939-42, yrði nú að inna af höndum ágor en stríð brytist út. Hættan væri alltof mikil til þess að hegt væri að halda að sér höndum, þangað til sjálft stríðið væri skollig á. Þetta var að vísu sagt um hergagna framleiðsluna, en var mjög í sama anda og annað sem fram kom á fundinum um mikilvægi þess að draga engar aðgerðir, heldur láta nú hendur standa fram úr ermum. Í því væri falin vonin um að koma í veg fyrir ófríð, og að sigra ef ófríður skylli á.

A Islandemálefni var ekki minnst á þessum fundi að öðru leyti en því, sem utanríkisráðherra kom að í orðum sínum

fari,
sem

og á nákværtum fóðri á því.

Þó um hafð i verið talað ábur en hann fór að heiman. Var greinilegt að eftir því atriði ~~þa~~ orða hans var tekið.

Vigurðurnar og fulltrúa Standing Group ^{of} State Department um þessi atriði munu eiga sér stað í dag, hinn 19. september, og verfur frá þeim skýrt síðar.

John F. Dulles, USAF, USA Standing Group, Secretary
of State, and his Deputy Commissioner of the
American Commission to Iceland by Right, will make a visit
to Reykjavík on Saturday afternoon, September 19,
and will remain over night.

John Dulles will speak at a press conference from
the Hotel Iceland, about 10:00 a.m., at which time he will also
be available for interviews. He will be accompanied by
John H. Johnson, Vice Chairman of the American Commission to Iceland.

In the afternoon John Dulles will meet with
the Icelandic Prime Minister and other members of the
Government. He will also meet with the Foreign Minister of Iceland
and the Minister of Defense and the Director General of Intelligence
at the Hotel Iceland.

John Dulles will speak at a press conference from
the Hotel Iceland, about 10:00 a.m., at which time he will also
be available for interviews. He will be accompanied by
John H. Johnson, Vice Chairman of the American Commission to Iceland.

John Dulles will speak at a press conference from

the Hotel Iceland, about 10:00 a.m., at which time he will also

be available for interviews.

John Dulles will speak at a press conference from

the Hotel Iceland, about 10:00 a.m., at which time he will also